

78  
27. júní

# Lög

um

heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar, fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Pjetur Jónsson.*